

57.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn 16.september 2015 á skrifstofu sambandsins og hófst kl. 17.15. Mætt: Sigurjón, Kári, Ása og Gry. Sturla boðaði forföll.

Þetta gerðist:

**1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt..**

**2. Heiðranir afreksfólks**

Stjórnin mótaði sér þá starfsreglu að ef íslenskur keppandi sigrar á EM eða HM í opnum flokki í framtíðinni mun sambandið halda heiðurssamkomu og bjóða þangað fjölmiðlum og fulltrúum íþróttahreyfingarinnar og hins opinbera.

**3. Skráningar á mót.**

Fjöldi keppenda er skráður á ÍM í klassískum kraftlyftingum og er það fagnaðarefni. Margir nýir keppendur eru skráðir og ætlar mótshaldari að vanda til allra verka. Ákveðið var að ítreka við formenn á formannafundi 19.sept.nk. að taka vel á móti nýliðum og minna jafnframt á að keppendur eru fulltrúar sinna félaga og á ábyrgð þeirra.

**4. RIG**

Gry gerði grein fyrir stöðuna í undibúningi RIG og lagði fram plan um verkaskiptingu sem var samþykkt.

**5. Afreksstefna**

Sigurjón lagði fram ný drög að afreksstefnu. Þau voru rædd og ýmsar lagfæringar gerðar. Ákveðið að skerpa áherslu á móttöku nýliða og þjálfun ungmenna. Ákveðið að stofna ráðgefandi þjálfararáð. Ákveðið að skilyrða landsliðsþátttöku við 1 árs veru í Felix. Ákveðið að skilgreina nánar árangursmarkmið. Sigurjón lagfærir og leggur stefnuplaggið fyrir formannafundinn.

**6. Formannafundur**

Dagskrá formannafundar samþykkt.  
Þrjú félög hafa boðað komu sína.

**7. Fræðslumál**

Gry sagði frá fundi í fræðslunefnd þar sem m.a. kom fram hugmynd um þjálfun stangarmanna. Hugmyndin verður rædd á formannafundi.

**8. Önnur mál**

Sigurjón Pétursson hefur ákveðið að gefa kost á sér í embætti varaforseta IPF á þingi sambandsins í nóvember nk.  
Gry sendir tilkynningu um framboð hans til IPF fyrir hönd KRAFT.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19.00

Fundaritari: Gry Ek